

Alþingi
Erindi nr. P 140/814
komudagur 15.12.2011



Alþingi nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Kristínar Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 14. desember 2011
Tilv.: IRR11110235/19.1

Efni: Umsögn varðandi gjaldtöku vegna úthlutunar tíðniréttinda

I.

Innanríkisráðuneyti hefur borist beiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd um umsögn um 13. gr. frumvarps til laga um breytingar á fjarskiptalögum nr. 81/2003, í kjölfar meðferðar nefndarinnar á frumvarpi sem lagt var fram á yfirstandandi þingi (þskj. 438, 362. mál), en í 13. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða er varðar gjaldtöku vegna úthlutun tíðniréttinda á 791-821 / 832-862 MHz. Af því tilefni vill ráðuneytið ítreka mikilvægi þess að ákvæðið verði lögfest sem fyrst, enda er brýnt að standa ekki í vegi fyrir úthlutun umræddra tíðna.

Þess ber að geta að nýverið hafa verið gerðar umtalsverðar endurbætur á fjarskiptaregluverkinu að því er varðar úthlutanir á tíðnum. Í apríl 2011 tóku gildi lög nr. 34/2011 um breytingar á fjarskiptalögum þar sem m.a. voru gerðar breytingar á IV. kafla fjarskiptalaga er fjallar um úthlutun tíðna. Þá tók gildi 6. október sl. ný reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna, nr. 1047/2011. Með lögum nr. 34/2011 var sérstaklega áréttað að fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins og að úthlutun á tíðnum feli í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota, sbr. 1. mgr. 7. gr. núgildandi fjarskiptalaga nr. 81/2003. Var í því sambandi tekið mið af álitserð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands frá árinu 2000. Voru jafnframt skýrðar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að úthluta tíðnum og fyrirkomulag úthlutana nánar útfært í ofangreindri reglugerð.

Við gjaldtöku á tíðnum hefur fram að þessu að jafnaði verið hafður sá hátturinn á að fjalla um gjaldtöku í bráðabirgðaákvæði, enda geta forsendur úthlutunar mismunandi tíðnisviða verið ólíkar. Fjarskiptatíðnir eru takmörkuð auðlind og geta töluverð fjárhagsleg verðmæti verið fólgin í notkun slíkra tíðna. Víða erlendis er um gífurlegar fjárhæðir að ræða, sem ræðast m.a. af stærð markaða, en einnig þurfa ríki víða að samnýta tíðnir með öðrum ríkjum sem deila með þeim landamærum. Mismunandi hlutar tíðnisviðsins hafa yfir að búa mismunandi eiginleikum og eru því misjafnlega verðmætir. Er ítarlega fjallað um forsendur verðlagningar

á því tíðnisviði sem hér um ræðir í viðauka með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Er ljóst út frá fyrri framkvæmd og erlendum samanburði að verðlagning á 800 MHz tíðnisviðinu sem lögð er til í frumvarpinu er hófleg, jafnvel þótt tekið sé mið af veltu fjarskiptafyrirtækja út frá höfðatölu. Gjaldtaka sem lögð er til í frumvarpinu er sambærileg við það sem áður hefur tíðkast. Ekki verður séð að gjöldin hafi verið íþyngjandi, enda eru verð fyrir farsímaþjónustu á Íslandi í flokki þeirra hagkvæmstu í Evrópu.

Þá er í 13. gr. frumvarpsins lagt til að verði réttindum úthlutað með uppboðsaðferð skuli gjald sem kveðið er á um í greininni skoðast sem lágmarksboð. Af því tilefni skal þess getið að innanríkisráðherra hefur þegar veitt Póst- og fjarskiptastofnun heimild fyrir því að úthlutun fari fram með uppboðsaðferð.

Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að taka gjald fyrir tímabundin afnot af auðlindinni líkt og gert hefur verið hingað til, og raunar væri óeðlilegt að slíkt væri ekki gert. Er það enn fremur álit ráðuneytisins að til þess að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og stuðla að því að jafna möguleika allra landsmanna á fyrsta flokks fjarskiptaþjónustu, óháð búsetu, skuli veita tekjum ríkissjóðs af tíðnigjöldum í fjarskiptasjóð, til þess að standa straum af verkefnum sem kveðið er á um í fjarskiptaáætlun, líkt og lagt er til í frumvarpinu, sbr. einnig frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjarskiptasjóð nr. 132/2005. Tekjur vegna tíðnigjalda munu þannig renna til uppbyggingar á fjarskiptum þar sem það er ekki mögulegt á markaðslegum forsendum. Fjárhæðir sem falla til vegna tíðnigjalda eru samt sem áður einungis brot af því sem fjarskiptasjóður hafði áður til ráðstöfunar í slík verkefni. Nauðsynlegt er að fjarskiptasjóður hafi úrræði til þess að bregðast við þörfum á úrbótum þar sem er markaðsbrestur, í samræmi við greiningu á þörf á úrbótum í fjarskiptaáætlun þar að lútandi og forgangsröðun verkefna samkvæmt henni. Sem dæmi má nefna öryggisþætti eins og að tryggja hringtengingar á einstökum landsvæðum, s.s. á Vestfjörðum eða Snæfellsnesi, eða bæta fjarskipti á landsbyggðinni með öðrum hætti. Með því að veita fjármunum sem falla til vegna tíðnigjalda í fjarskiptasjóð, er stutt við fjarskiptakerfin í heild sinni, landsmönnum öllum til hagsbóta.

Samkvæmt ofangreindu telur ráðuneytið æskilegt að 13. gr. frumvarpsins verði lögfest í óbreyttri mynd.

II.

Hvað varðar önnur atriði frumvarpsins, tekur innanríkisráðuneytið undir það álit umhverfis- og samgöngunefndar um að skoða beri vandlega þau mikilvægu málefni sem fjallað er um í frumvarpinu sem er til umfjöllunar hjá nefndinni. Tryggja þarf öryggi fjarskiptainnviða um leið og stuðlað er að áframhaldandi uppbyggingu á fjarskiptamarkaði, sem oftast en ekki einkennist af hraðri tækniþróun og örum breytingum. Ráðuneytið bendir þó á að nauðsynlegt er að tryggja að lagaumhverfið fylgi þróuninni eftir, þar sem sífellt koma upp ófyrirsjáanleg tilvik, ekki síst svo að Ísland megi vera áfram í fremstu röð tæknivæðra ríkja með aðgengilega, hagkvæma og örugga fjarskiptaþjónustu.

Vill ráðuneytið áréttta mikilvægi þess að tryggt verði öryggi fjarskiptainnviða með því að tryggja rekstrargrundvöll CERT-ÍS netöryggis- og viðbragðsteymisins, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Hefur umræðan í þjóðfélaginu undanfarin ár sýnt að kallað hefur verið mjög eftir viðbúnaði við netárásam.

Þá hafa nýleg dæmi ítrekað sýnt fram á þörfina fyrir aukið öryggi vegna hlerana, sbr. ákvæði 7. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til fjarskiptafyrirtækja og starfsmanna þeirra varðandi verklag við hleranir, auk þess sem kveðið er á um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um gagnaöflun lögreglu og verklagsreglur vegna hlerana.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson

Vera Sveinbjörnsdóttir